

# FÓKUS

## Félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

### ÁRSSKÝRSLA 2010

Á síðasta aðalfundi þ. 24. nóvember 2009 á Grand hóteli var kosinn einn nýr stjórnarmaður, Guðlaug Sigurðardóttir sem situr í varastjórn og formaður var endurkjörinn. Einn varamaður gekk upp í aðalstjórn til eins árs. Stjórnin var þannig skipuð:

<i>Formaður</i>	Valgerður Gunnarsdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Ásta St. Thoroddsen
<i>Meðstjórnendur</i>	Benedikt Benediktsson
	Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir
	Óskar Einarsson
<i>Varamenn</i>	Ásgerður Magnúsdóttir
	Guðlaug Sigurðardóttir

#### Félagsmenn

Félagsmenn eru nú 63 talsins og hefur enn fækkað frá síðasta ári. Kynjaskipting er enn nokkuð jöfn, nú eru 34 konur og 29 karlar í félaginu. Dreifing milli starfsgreina er svipuð og áður.

#### Stjórn Fókus

Stjórnin Fókus hefur haldið 2. fundi á árinu sem skráðir eru, en mestallur tími stjórnar hefur farið í undirbúning STC2010 ráðstefnunnar sem haldin var í júníbyrjun og skýrt er frá sérstaklega.

#### Fundir og ráðstefnur

Haldinn var fræðslufundur þann 25. nóv. kl. 16.30 um stóru Evrópuverkefni um samvirkni upplýsingakerfa og aðgang að sjúkragögnum milli landa. Þátttakendur í verkefninum eru frá tæplega 30 löndum og á Ísland aðild að tveimur verkefnum, Calliope (Call for Interoperability in Europe) og epSOS (European Patient Smart Open Services). Þann 16. nóv. s.l. var lögð lokahönd á verkefnalýsingu (road map) um samvirkni, aðgengi og miðlun upplýsinga í heilbrigðisþjónustunni.

**Torfi Magnússon læknir** sat fundinn í Brussel og segir frá vinnu hópsins og framtíðarsýn. Fundurinn var haldinn í Hringssal Barnaspítala Hringins á undan aðalfundi félagsins.

#### STC ráðstefnan

Þann 2.- 4. júní 2010 var haldin í fyrsta skipti á Íslandi alþjóðlega ráðstefna um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu. Að ráðstefnunni stóðu EFMI – Evrópusamtök um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, Skýrslutæknifélag Íslands og Fókus – félag um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu.

Yfirskrift ráðstefnunnar á ensku var;  
EFMI Special Topic Conference 2010  
Seamless Care – Safe Care  
The Challenges of Interoperability and Patient Safety in Health Care

#### Aðdragandi og undirbúningur

Formleg undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna (Local Organizing Committee) var sett á laggirnar um mitt ár 2008 og í henni áttu sæti þau Ásta Thoroddsen, Arna Harðardóttir, Ásgerður Magnúsdóttir, Arnheiður Guðmundsdóttir, Benedikt Benediktsson, Hákon Sigurhansson, Óskar Einarsson, Rannveig Ásgeirsdóttir og Valgerður Gunnarsdóttir sem jafnframt var formaður nefndarinnar.

Þó formlega hafi ekki öll stjórn Fókus verið í nefndinni voru, þegar á leið undirbúninginn allir stjórnarmenn komnir á fullt í starfinu við undirbúning og starf á sjálfri ráðstefnunni. Undirbúningsnefndin hélt 6 formlega fundi á árinu og marga óformlega.

Skipuð var formleg dagskrárnefnd (Scientific Programme Committee) sem sá um samesetningu faglegu dagskrárinnar og útgáfu bókar með fyrirlestrunum. Í henni áttu sæti; Bernd Blobel formaður, Ebba Þóra Hvannberg varaformaður, Jos Aarts, Christian Lovis, Jacob Hofdijk og Stig Kjær Andersen. Ebba Þóra var fulltrúi Íslands í nefndinni en aðrir nefndarmenn komu allir úr fulltrúaráði EFMI.

Auglýst var eftir erindum og tillögum um vinnusmiðjur og var frestur til loka janúar 2010. Erindin þurftu að uppfylla skilyrði um fagleg vinnubrögð og frágang. Þau voru prentuð hjá IOS útgáfunni í Hollandi og komu út í bók sem ráðstefnugestir fengu í hendur (ISBN 978-60750-562-4). Bókin er hluti af ritröð sem nefnist “Studies in Health Technology and Informatics”. Eintak af bókinni má finna í Þjóðarbókhöðunni en erindin og veggspjöldin eru einnig birt á vefsíðu EFMI ([www.efmi.org](http://www.efmi.org)).

Dagskrárnefndin var í síma- og tölvupóstsambandi og hélt einn vinnufund þ. 23. febrúar 2010 á Íslandi sem formaður undirbúningsnefndar sat einnig. Þar var tekin endanleg ákvörðun um val á erindum, veggspjöldum og vinnusmiðjum.

Bakhjarlar ráðstefnunnar og styrktaraðilar voru Heilbrigðisráðuneytið og Háskóli Íslands ásamt alþjóðasamtökunum GS1 og HL7 sem héldu sögulegan fyrsta samstarfsfund sinn í tengslum við ráðstefnuna. Einnig styrktu GS1 á Íslandi, EMR, Skýrr og Nýsköpunarmiðstöðin ráðstefnuna.

Tilgangur var að ráðstefnan gæti nýst sem best þeim Íslendingum sem starfa að málefnum rafrænnar sjúkraskrár og við stefndum á þátttöku þverfaglegs hóps úr heilbrigðiskerfinu og stjórnsýslunni, nemendum og fræðimönnum úr háskóla- og vísindasamfélaginu ásamt fólki úr hugbúnaðargeiranum og annar staðar úr atvinnulífinu.

Við vildum reyna að sameina bæði fræðilega umfjöllun og praktíska nálgun á málefnið og það tókst nokkuð vel.

#### Skipulag

Ráðstefnan var haldin á Háskólatorgi í tveimur stærstu fyrirlestrarsölunum með sýningarbása á ganginum fyrir framan. Þetta húsnæði reyndist einstaklega skemmtilegt og gott til ráðstefnuhalds og átt sinn þátt í því hve ráðstefnan tókst vel. Allt umhverfið á Háskólatorgi er fallett og þægilegt.

Ráðstefnan var sett síðari hluta dags þann 2. júní og hófst með ávarpi heilbrigðisráðherra, Álfheiðar Ingadóttur. Einnig tóku formaður undirbúningsnefndar og forseti EFMI til máls og síðan var móttaka fyrir gesti í boði GS1 á Íslandi. Faglegi hluti ráðstefnunnar stóð svo í tvo heila daga, 3. og 4. júní í tveimur sölum með erindum, veggspjöldum og vinnusmiðjum. Hátíðarkvöldverður var haldinn í Perlunni á fimmtudagskvöldinu 3. júní og var hann vel sóttur og heppnaðist ágætlega. Margir gestanna fóru í ferðir um landið eftir að ráðstefnunni lauk sem voru skipulagðar fyrir þá, m.a. ferð í Bláa lónið með kvöldmat á föstudagskvöldinu eftir ráðstefnulok og einnig 6 daga ferð um Ísland með heimsóknum á heilbrigðisstofnanir.

Þátttakendur voru um 180 talsins, þar af rúmlega 70 erlendir og yfir 100 íslendingar. Var það framar okkar björtustu vonum en bæði bankahrún og eldgos höfðu sett nokkurt strík í áætlanir á undirbúningstímanum.

### Efni og dagskrá

Á ráðstefnunni var fjallað um úrlausnarefni við aukin rafræn samskipti í heilbrigðiskerfinu þ.e. samvirkni (e. interoperability) og þýðingu þess fyrir öryggi sjúklinga.

Alls bárust um 50 erindi. Þau voru send út til yfirlestrar hjá sérfræðingum um alla Evrópu sem völdu úr þá sem stóðust gæðakröfur. Alls voru 25 erindi samþykkt, 13 voru samþykkt sem veggspjöld og 3 sem vinnusmiðjur. Þar fyrir utan voru tvær vinnusmiðjur í boði dagskrárnefndarinnar, önnur þeirra haldin af verkefnisstjórum Evrópuverkefna um samþættingu og samvirkni heilbrigðisgagna og hin af GS1 og HL7 þar sem sérfræðingar ræddu um mismunandi notkun staðla og samræmingar fyrir samvirkni upplýsinga.

Tveir gestafyrirlesarar komu frá Bandaríkjunum þeir William Ed Hammond sem verið hefur um langt árabil formaður stjórnar HL7 staðlasamtakanna og er fumkvöðull í upplýsingatækni í Bandaríkjunum og Peter L. Elkin prófessor við læknskólann á Mount Sinai spítala í New York. Hann hefur unnið mikið við kóðunarkerfi og staðlagerð og rannsakað hvernig nota má heilbrigðisgögn í þróun og rannsóknum. Þar fyrir utan voru þrír fyrirlesarar sem héldu inngangserindi fyrir sérstaka dagskrárluta að beiðni dagskrárnefndarinnar. Þau voru Bernd Blobel, Ulrika Kreysa og María Heimisdóttir.

### **Erlend samskipti**

Formaður Fókus sat fund fulltrúaráðs EFMI í Reykjavík 2. júní 2010. Einnig sat Valgerður undirbúningsfund dagskrárnefndar STC 2010 ráðstefnunnar í Reykjavík 23. feb. 2010.

### **Lokaorð**

Að lokum þakka ég undirbúningsnefnd ráðstefnunnar og stjórnarmönnum fyrir frábært samstarf á árinu, fyrirlesurum þeirra framlag og þáttakendum fyrir komuna. Stjórn Skýs og styrktaraðilar fá einnig sérstakar þakkir.

Reykjavík, 25. nóvember 2010  
Valgerður Gunnarsdóttir, formaður Fókus